

Ed. 520. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [172. mál]

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Mörk sveitarfélaga.

1. gr.

Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.

Eigi skal neinu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, til lykta ráðið án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

2. gr.

Sveitarfélög eru tvenns konar, hreppar og kaupstaðir.

Staðarmörk þeirra skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Kaupstöðum og sýslum má eigi fækka eða fjölga nema með lögum.

Sama gildir um breytingu á mörkum kaupstaða og sýslna.

4. gr.

Ráðuneytið skal sameina hreppa, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi hreppsnefndum, ef sýslunefndin mælir með því. Með sömu skilyrðum er ráðuneytinu heimilt að breyta hreppamörkum, sbr. þó 7. gr.

5. gr.

Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í fimm ár, og er þá ráðuneytinu heimilt að sameina hreppinn þeim nágrannahreppi í sömu sýslu, sem sýslunefnd telur eftir atvikum bezt henta.

Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að til vandræða horfi, má ráðuneytið verja fé úr Jöfnunarsjóði til greiðslu hluta þeirra, svo að eigi verði talið, að þær íþyngi hinum sameinuðu hreppum óeðlilega.

6. gr.

Nú er kauptún eða þorp með 300 íbúa eða fleiri í hreppi og hinn hluti hreppsins telur 200 íbúa eða fleiri, og hefur þá hvort um sig, kauptúnið eða þorpið annars vegar, og sá hluti hreppsins, sem kauptúnið eða þorpið er ekki í, hins vegar, rétt til þess að vera sérstakt sveitarfélag.

Nú hafa tilmæli um skiptingu hrepps samskvæmt 1. mgr. verið samþykkt á sveitarfundum, sbr. 31. gr., af a. m. k. $\frac{2}{3}$ hlutum meðlima hreppsins, sem eiga lögheimili í þeim hluta hans, sem óskar skiptingar, og skal þá ráðuneytið skipta hreppnum samskvæmt 1. mgr. Ráðuneytið ákveður staðarmörk milli hinna nýju sveitarfélaga samskvæmt grein þessari, eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar.

7. gr.

Ráðuneytið getur skipt hreppi, samskvæmt beiðni hreppsnefndar að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 150.

Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er samskvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Ef ekki næst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt, samskvæmt 4., 6. eða 7. gr. þessara laga, ákveður ráðuneytið, hvernig með skuli fara.

B. Meðlimir sveitarfélaga.

9. gr.

Meðlimir sveitarfélags eru allir þeir, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, samskvæmt lögum nr. ../1960, um lögheimili.

C. Hlutverk sveitarfélaga.

10. gr.

- A. Skytt er sveitarfélagi að annast þau hlutverk, sem því eru falin í lögum eða á annan löglegan hátt, svo sem:
- fjárreiður og reikningshald sveitarfélaganna, þar á meðal greiðslu lögboðinna framlaga til almannaþrygginga, atvinnuleysistrygginga, byggingarsjóðsverkamanna o. s. frv.,
 - framfærslumál,
 - barnavernd,
 - vinnumiðlun,
 - fræðslumál,
 - skipulags- og byggingarmál,
 - hreinklætis- og heilbrigðismál,
 - eldvarnir og önnur brunamál,
 - lögreglumál,
 - forðagæzlu og fjallskil,
 - refa- eða meindýraeyðingu.
- B. Hlutverk sveitarfélaga er enn fremur það að vinna að sameiginlegum velferðarmálum meðlima sinna, svo sem:
- að sjá um gatnagerð, holræsagerð, hafnargerð, vatnsveituframkvæmdir, rafveituframkvæmdir, hitaveituframkvæmdir, leikvallagerð, íþróttavallagerð o. fl.,
 - að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi eða bjargarskort, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

11. gr.

- Ráðstafanir sveitarfélags eru háðar þeim takmörkunum, sem hér skal greina:
- Hækkun útsvara er háð samþykki ráðuneytis eða sýslunefnda, samskvæmt ákvæðum gildandi laga.
 - Kröfu sveitarfélags til útsvars og skatts má ekki selja og veðsetning slíkrar kröfu er aðeins heimil vegna rekstrarlána, sem endurgreiða skal fyrir næstu árslok.

- c. Sala eigna og tækja, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmda, samkvæmt 10. gr. A, er óheimil, svo og aðrar þær ráðstafanir á þeim eignum og tækjum, sem brjóta í bága við framkvæmdir samkvæmt téðum ákvæðum. Veðsetning sömu eigna er óheimil, nema til tryggingar skuldum, sem til er stofnað vegna kaupa þeirra eða byggingarkostnaðar.
- d. Mannvirki þau, sem gerð kunna að vera, samkvæmt 10. gr. B a, og nauðsynleg eru vegna þeirra mála, sem þar um getur, má ekki selja. Veðsetning slíkra eigna er óheimil, nema til tryggingar skuldum, sem til er stofnað til þess að koma þeim á fót.
- e. Samþykki ráðuneytisins þarf til þess að reka áhættusaman atvinnurekstur, svo sem útgerð, iðnað og verzlun. Ráðuneytið skal leita umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, áður en það veitir hreppnum slíkt samþykki.
- f. Samþykki sýslunefndar þarf til þess, að ályktun hreppsnefndar sé gild um eftirtalin atriði:
 1. Lántökur vegna hreppsins, sem nemi meiru eða séu til lengri tíma en að lánin verði endurgreidd fyrir lok næsta reikningsárs.
 2. Sala eða veðsetning fasteigna hreppsins svo og kaup nýrra fasteigna.
 3. Skuldbindingar, sem gilda eiga lengri tíma, sem ekki eru lögboðnar.
 Nú synjar sýslunefnd um samþykki til ráðstöfunar, sem um ræðir í staflið þessum, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á sveitarfundi, sbr. 31. gr., undir atkvæði. Hljóti ályktun hreppsnefndar $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða, skal hún vera gild án samþykkis sýslunefndar.
- g. Öðrum takmörkunum, sem lög kunna að ákveða.

II. KAFLI

Stjórn sveitarfélaga.

A. Sveitarstjórnir.

a. Skipun sveitarstjórna.

12. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn, bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd í hreppum.

Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr.

Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast skal þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.

Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.

Í Reykjavík skulu bæjarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

14. gr.

Í hverri hreppsnefnd skulu vera fimm hreppsnefndarmenn, en haldast skal þó óbreytt tala hreppsnefndarmanna eins og nú er.

Sýslunefnd er heimilt að breyta tölu hreppsnefndarmanna, samkvæmt ósk hreppsnefndar, þó þannig, að hreppsnefndarmenn séu eigi færri en þrír og eigi fleiri en sjö.

b. Kosning sveitarstjórna.

15. gr.

Sveitarstjórnarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem $\frac{3}{4}$ meðlima, samkvæmt

Íbúaskrá þjóðskrárinnar, sbr. 13. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, eru búsettir í kaupþúni, skal kjósa hlutfallskosningu.

Í öðrum hreppum skulu hreppsnefndarkosningar vera óhlutbundnar. Þó skal einnig þar kjósa hlutfallskosningu, ef 25 kjósendur, sem eru á kjörskrá, eða 1/10 hluti kjósenda, sem er á kjörskrá í hlutaðeigandi hreppi, krefjast hlutfallskosningar í bréfi stíluðu til oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag.

Nú kemur enginn framboðslisti fram, samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar, áður en framboðsfresti lýkur, og skal þá kjósa óhlutbundinni kosningu.

16. gr.

Kjörtímabil sveitarstjórna er fjögur ár. Þegar kjósa verður vegna þeirra atvika, er um ræðir í 17. gr. 2. mgr., skal kjörtímabil eigi standa lengur en til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.

17. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram síðasta sunnudag maí-mánaðar, sem ekki ber upp í hvítasunnudag.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna skipta á sveitarfélagi, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða ef kjósa á bæjarstjórn, samkv. 33. gr. 2. mgr., og skal þá kosning fram fara svo fljótt sem við verður komið.

18. gr.

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir sem:

- a. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenskir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
- c. hafa óflekkað mannorð,
- d. eru fjárráðir.

Að fullnægðum skilyrðum þessarar greinar, a.—d., hefur hver meðlimur sveitarfélags kosningarrétt í sínu sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

19. gr.

Meðlimur sveitarfélags er kjörgengur sem fulltrúi eða varafulltrúi í sveitarstjórn þess, ef hann hefur kosningarrétt, sbr. 18. gr.

Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 60 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.

Þeim, er setið hefur í sveitarstjórn, er þó eigi skylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

20. gr.

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnsmálaflokkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnsmálaflokki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama

stjórnmalaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans, samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

c. Formenn sveitarstjórna.

21. gr.

Eftir sveitarstjórnarkosningar kys sveitarstjórn sér formann og einn eða tvo varaformenn úr sínum hópi.

Formaður bæjarstjórnar nefnist forseti, en formaður hreppsnefndar oddviti.

Aldursforseti sveitarstjórnar gegnir formannsstörfum, unz formaður hefur verið kosinn.

Sá er rétt kjörinn formaður eða varaformaður, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings fulltrúa sveitarstjórnar. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæðin. Ef tveir eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Hinn nýkjörni formaður skal þegar í stað tilkynna kjör formanns og varaformanns til sýslumanns, ef um oddvita er að ræða, en til ráðuneytisins, þegar um forseta bæjarstjórnar er að ræða.

22. gr.

Kjörtímabil formanns og varaformanns sveitarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn ákveði skemmri kjörtíma.

Ef formaður deyr eða verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa formann í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins, sbr. 21. gr.

d. Skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna.

23. gr.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka sæti í nefndum og framkvæma önnur þau störf, sem sveitarstjórn felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefur formaður sveitarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur, eða haft önnur störf á hendi fyrir sveitarstjórn jafnlangan tíma eða lengur, skorazt undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur gegnt formannsstörfum eða haft starfið á höndum.

24. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra í sveitarstjórn allt að 200 krónum fyrir hvern sveitarstjórnarfund.

e. Sveitarstjórnarfundir.

25. gr.

Bæjarstjórn skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Heimilt er þó að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Hreppsnefnd skal halda a. m. k. tvo nefndarfundir á hverju ári.

Aukafundir skulu haldnir eftir þörfum, samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanns sveitarstjórnar eða þegar a. m. k. þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa krefst þess.

Reglulegir fundir sveitarstjórna og aukafundir, sem boðaðir hafa verið með dagskrá, skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar sveitarstjórn ákveður.

26. gr.

Formaður sveitarstjórnar, bæjarstjóri eða sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundir á þann hátt, sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður og fundarstað og fundartíma, hafi sveitarstjórn eigi gert það.

Það skal kunngert meðlimum sveitarfélags með auglýsingu, hvar og hvenær sveitarstjórn hefur reglulega fundir.

Greina skal dagskrá í fundarboði.

27. gr.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

28. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

- a. Hina árlegu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
- b. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
- c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra eða sýslunefndar.
- d. Beiðni um aðstoð, sbr. 62. gr. laga þessara.

Heimilt er þó hreppsnefndum að afgreiða ársreikninga, sbr. staflið b, við eina umræðu. Sama gildir um fjárhagsáætlun, sbr. staflið a, í hreppum með færri en 300 íbúa.

29. gr.

Formaður sveitarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Rétt er sveitarstjórn að ráða sér fundarritara.

Allir fulltrúar, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar. Hver fulltrúi, sem eigi er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

30. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð fundarsköp fyrir sveitarstjórnir.

f. Almennir sveitarfundir.

31. gr.

Rétt er hreppsnefnd að boða til almenns sveitarfundar um málefni sveitarfélagsins. Slíkir fundir eru lögmætir, ef til þeirra er boðað með opinberri auglýsingu, sem birt er með sama hætti, sem tíðkaður er um opinberar tilkynningar í því sveitarfélagi, og fundurinn er boðaður með a. m. k. þriggja daga fyrirvara, enda sé þess getið í fundarboði, hver málefni komi til umræðu og atkvæða á fundinum. Atkvæðisrétt á sveitarfundum hafa aðeins þeir, sem kosningarrétt eiga til sveitarstjórnarinnar.

B. Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga.

a. Almenn ákvæði.

32. gr.

Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Reykjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjóranna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði þessara laga um bæjarstjóra gilda og um borgarstjóra í Reykjavík.

b. Um bæjarstjóra.

33. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar. Hafi bæjarstjóri verið ráðinn til lengri tíma, skal þó hvorum aðila heimilt, að kjörtímabili loknu, að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara.

Nú næst eigi meiri hluti bæjarstjórnar fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að hann er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

34. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og annast yfirleitt framkvæmdir bæjarmálefna, nema bæjarstjórn hafi ákveðið annað um einstök mál.

Hann á sæti í bæjarstjórn og nefndum hennar, en hefur ekki atkvæðisrétt, nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á bæjarstjórnar- og nefndarfundum. Ekki má kjósa hann í fastar nefndir, nema hann sé bæjarfulltrúi, en fela má honum formennsku slíkra nefnda.

35. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun bæjarins, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, sem leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

c. Um nefndir o. fl.

36. gr.

Bæjarstjórn setur fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál. Bæjarstjórn getur og ákveðið, að sett skuli bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra. Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda. Bæjarráði er heimil fullnaðar-ákvörðun mála, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

37. gr.

Kosningar í bæjarráð og nefndir skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef þess er óskað. Kosning bæjarráðs og nefnda gildir kjörtímabilið, nema annað

sé ákveðið. Varamenn taka sæti í bæjarráði eða nefndum, samkvæmt ákvæðum 20. gr., enda hafi ekki verið kosnir sérstakir varamenn í bæjarráð eða nefndirnar.

38. gr.

Bæjarstjórn setur samþykkt um stjórn bæjarmála, sem ráðherra staðfestir. Í samþykkt þessari skulu vera ákvæði um:

- a. Starfssvið bæjarstjóra og annarra starfsmanna.
- b. Skipun og verkswið fastra nefnda og bæjarráðs, þar sem það er.
- c. Önnur ákvæði um framkvæmd bæjarmálefna.

d. Um oddvita o. fl.

39. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir. Hann annast gjaldheimtu, reikningshald, féskýslu, bréfaskipti og annað það, sem hreppsnefnd varðar, nema hreppsnefnd hafi ákveðið annað, sbr. 41., 42. og 43. gr.

40. gr.

Laun oddvita skulu vera 25 krónur fyrir hvern meðlim hreppsins á ári, samkvæmt íbúaskrá 1. desember það ár, sem hann tekur laun fyrir. Þá skal og oddviti njóta sams konar launahækkana og starfsmenn hljóta hjá ríkinu eða ríkisstofnunum.

Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 2%—4%, eftir ákvörðun hreppsnefndar, af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta.

41. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að fara með einstök hreppsmál, svo og falið hverjum nefndarmanna, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf, t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, að annast bréfagerð um einstök mál og annað, er að þeim lýtur, o. fl.

e. Um sveitarstjóra.

42. gr.

Í hreppi með fleiri en 500 íbúa er hreppsnefnd heimilt að ráða sveitarstjóra. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími hreppsnefndar. Hafi sveitarstjóri verið ráðinn til lengri tíma, skal þó hvorum aðila heimilt, að kjörtímabili loknu, að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara.

43. gr.

Sveitarstjóri fer með þau störf, sem oddvita eru falin, sbr. 39. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar. Eigi hefur hann atkvæðisrétt þar, nema hann sé einnig hreppsnefndarmaður.

Sveitarstjórn setur samþykkt, er ráðherra staðfestir, um starfssvið sveitarstjóra og laun, sem greiddast úr hreppssjóði.

44. gr.

Nú hefur sveitarstjóri verið ráðinn, samkvæmt 42. gr., og falla þá niður launagreiðslur til oddvita, samkvæmt 39. gr. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans.

III. KAFLI

Um fjárreiður sveitarfélaga.

a. Almenn ákvæði.

45. gr.

Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

46. gr.

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnnum og sýslunefndum undanþágu frá þessu ákvæði, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Ræða skal fjárhagsáætlun á tveim fundum með að minnsta kosti einnar viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig og áætlunina í heild sinni. Í hreppum, sem hafa færri en 300 íbúa, skal þó heimilt að afgreiða fjárhagsáætlun við eina umræðu, sbr. 28. gr.

Fjárhagsáætlun, samkvæmt grein þessari, skal vera regla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu.

47. gr.

Sveitarstjórn skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn sveitarfélagsins. Hún skal sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með. Sveitarstjórn skal og gæta þess, að peningaeign sveitarfélagsins sé haldið aðgreindri frá peningaeign sjóðshaldara eða annarra, og sjá um, að fé sveitarfélagsins sé ávaxtað á tryggum stað, ef eigi þarf að nota það bráðlega til greiðslu á útgjöldum sveitarfélagsins.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki bæjarstjóra, sveitarstjóra eða oddvita, eftir því sem við á.

b. Um bókhald sveitarfélaga.

48. gr.

Í kaupstöðum og hreppum með 500 íbúa eða fleiri skal hafa tvöfalt bókhald um fjárreiður sveitarfélagsins. Nú rekur sveitarfélag fyrirtæki, og er þá sýslunefnd heimilt að ákveða, að sveitarfélagið skuli hafa tvöfalt bókhald, þó að íbúar þess séu færri en 500.

49. gr.

Sveitarfélög, sem hafa skulu tvöfalt bókhald, skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Dagbók, þar sem skrá skal allar greiðslur í peningum, sem inn koma eða eru látnar af hendi, svo og öll önnur viðskipti, sem fram fara á vegum sveitarfélagsins. Heimilt er að halda sérstaka sjóðbók yfir allar peningagreiðslur.
- b. Gjaldendabók, þar sem hverjum gjaldanda er gefinn sérstakur reikningur og gjöld hans skráð svo og greiðslur þær, sem hann hefur innt af hendi.
- c. Viðskiptamannabók, þar sem skrá skal skipti sveitarfélagsins við aðra aðila, þar með talin önnur sveitarfélög.
- d. Aðalbók, þar sem skrá skal niðurstöðutölur bókhaldsins.
- e. Framfærslubók, þar sem skrá skal alla styrkþega og framfærslustyrk þeim veittan svo og endurgreiðslur slíks styrks.
- f. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársfjórðungslega reikningsjöfnuð sveitarfélagsins, og árlegt efnahagsyfirlit og efnahags- og rekstursreikning þess og fyrirtækja þess. Ef nauðsyn þykir, má nota fleiri en eina efnahagsbók.

g. Skrá um ábyrgðir, sem sveitarfélagið hefur gengið í.

h. Aðrar þær bækur, sem nauðsyn krefur.

Sveitarfélögum er heimilt að færa bækur þær, sem hér um ræðir, í spjaldskrárformi eða sem lausblaðabækur, nema bækur þær, sem um getur í staflið d. og f.

50. gr.

Sveitarfélög, sem ekki er skylt að hafa tvöfalt bókhald, samkvæmt 48. gr., skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

a. Sjóðbók, sem rita skal í allar peningagreiðslur, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.

b. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar. Í bók þessa skal og rita niðurjöfnunarskrá hreppsins, skrá um þá, sem notið hafa framfærslustyrks og hve mikils, o. fl., ef henta þykir.

51. gr.

Félagsmálaráðuneytið lætur í samráði við Hagstofu Íslands gera bækur þær, sem sveitarfélögum er skylt að halda, samkvæmt 49.—50. gr., og sér um, að þær séu jafnan fánlegar.

Dagbækur og sjóðbækur, sem ekki eru lausblaðabækur, og efnahagsbækur skulu vera gegnumdregnar, tölusettar og löggiltar.

Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald sveitarfélaga.

c. Um ársreikninga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

52. gr.

Í lok hvers árs skal gera reikning um tekjur og gjöld sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra á umliðnu reikningsári og reikning yfir eignir og skuldir miðað við 31. desember.

53. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður í samráði við Hagstofu Íslands form fyrir ársreikningum sveitarfélaga og lætur gera eyðublöð til afnota fyrir sveitarfélögin í samræmi við það.

Sveitarfélögunum er skylt að gera ársreikninga sína í því formi, sem ráðuneytið ákveður, sbr. 1. mgr.

54. gr.

Ársreikningar hreppanna skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert og ársreikningar kaupstaðanna fyrir aprílmánaðarlok ár hvert, en Reykjavíkur fyrir lok maímánaðar.

Sama gildir um ársreikninga fyrirtækja, sem rekin eru á vegum sveitarfélaga.

d. Um endurskoðun.

55. gr.

Að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum kýs sveitarstjórn endurskoðendur til fjögurra ára. Bæjarstjórnir skulu kjósa tvo endurskoðendur og hreppsnefndir einn eða tvo endurskoðendur. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.

Fulltrúar í sveitarstjórn eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga, eða reikninga fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild eða fela endurskoðunarskrifstofu, sem félagsmálaráðuneytið hefur veitt viðurkenningu, að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

56. gr.

Endurskoða skal alla reikninga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Við endurskoðunina skal athuga eftirtalin atriði:

- a. Að fylgt hafi verið þeim bókhaldsreglum, sem lög þessi ákveða, og þeim nánari fyrirmælum, sem sett kunna að verða um bókhald sveitarfélaga,
- b. að reikningarnir séu tölulega réttir og gerðir í því formi, sem lög ákveða, sbr. 53. gr.,
- c. að allar tekjur og öll útgjöld séu staðfest með viðeigandi fylgiskjölum,
- d. að tekjur sveitarfélagsins eða fyrirtækja þess séu allar taldar og að engin útgjöld séu innt af hendi án tilskilinnar heimildar, sbr. 47. gr. 2. mgr.,
- e. að gildandi fjárhagsáætlun hafi verið fylgt svo sem kostur var á,
- f. að sparnaðar og hagsýni hafi verið gætt í rekstrinum.

Sveitarstjórn er skylt að veita endurskoðendum aðgang að öllum bókum, skýrslum eða öðrum gögnum, sem máli skipta við endurskoðunarstarfið.

Félagsmálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um endurskoðunina með reglugerð.

57. gr.

Endurskoðun samkvæmt 56. gr. skal vera lokið í hreppum eigi síðar en 15. marz og í kaupstöðum eigi síðar en 31. maí ár hvert, en í Reykjavík eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Að lokinni endurskoðun skal endurskoðandi gera skriflega skýrslu um endurskoðunina, þar sem grein er gerð fyrir öllum athugasemdum, sem gerðar hafa verið við bókhald og fjárreiður.

Reikningshaldari skal eiga kost á einnar viku fresti til þess að svara athugasemdum, en síðan gerir endurskoðandi tillögur til sveitarstjórnar um úrskurð á athugasemdum.

Ársreikningar, ásamt endurskoðunarskýrslu, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum endurskoðenda, skulu lagðir fyrir sveitarstjórn til ályktunar.

Tvær umræður skulu vera í sveitarstjórn um ársreikninga, með a. m. k. einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.

e. Um skilafresti og viðurlög.

58. gr.

Bæjarstjórnir skulu hafa lagt fullnaðarafgreiðslu á ársreikninga kaupstaðanna og fyrirtækja þeirra eigi síðar en í júlí ár hvert. Reikningar kaupstaðanna skulu sendir félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

Hreppsnefndir skulu senda sýslunefndum ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess, ásamt fylgiskjölum, ályktun sinni, skýrslu endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum, svo tímanlega, að gögn þessi hafi borizt til endurskoðanda sýslunefndar á sveitarsjóðsreikningum eigi síðar en 31. marz ár hvert. Sýslunefnd athugar og úrskurðar ársreikninga svo sem fyrir er mælt í 92. gr. laga þessara.

59. gr.

Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 52. gr. laga þessara.

Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.

Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.

Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

60. gr.

Nú hefur reikningum eigi verið skilað innan tiltekins tíma, og skal félagsmálaráðuneytið þá leggja fyrir hlutaðeigendur, sbr. 59. gr., að afhenda reikningana fyrir tiltekinn dag, sem ráðuneytið ákveður.

61. gr.

Komi í ljós, að sveitarstjórn hafi þrátt fyrir áminningar sýslumanns eða sýslunefndar, ef um hreppsfélag er að ræða, vanrækt ákvæði laga þessara um bókhald og reikningskil eða á einhvern hátt beitt valdi sínu ranglega, skal ráðuneytið hlutast til um rannsókn og endurskoðun á bókhaldi, fjárreiðum og rekstri hlutaðeigandi sveitarfélags eins fljótt og verða má.

Ráðuneytið skal leggja fyrir sveitarstjórn að laga það, sem ábótavant kann að reynast, innan hæfilegs frests, sem ráðuneytið ákveður.

62. gr.

Nú sinnir sveitarstjórn eigi fyrirmælum ráðuneytisins, sbr. 61. gr. 2. mgr., og er ráðuneytinu þá heimilt að veita sveitarstjórn enn nokkurn frest til þess að bæta úr því, sem ábótavant er.

Vanræki sveitarstjórn enn að ráða bót á því, sem áfátt er, getur ráðherra með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim hreppsnefndarmönnum eða bæjarfulltrúum, sem ábyrgð bera á misfellunum.

f. Um fjárþröng sveitarfélaga.

63. gr.

Sveitarfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur sent félagsmálaráðuneytinu beiðni um aðstoð, ef ætla má, að ekki rætist úr í náinni framtíð.

Beiðni um aðstoð skal hafa verið rædd við tvær umræður í sveitarstjórn. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja beiðninni.

64. gr.

Nú hefur ráðuneytinu borizt beiðni um aðstoð, samkvæmt 63. gr., og skal það þá láta rannsaka fjárreiður og allan rekstur sveitarfélagsins.

Ef nauðsyn krefur, er ráðuneytinu heimilt að gefa út innköllun til skuldheimtumannanna sveitarfélagsins, að viðlögðum missi kröfu, sbr. lög nr. 19 4. júní 1924, 2. gr.

65. gr.

Að undangenginni rannsókn, samkvæmt 64. gr., skal ráðuneytið leggja fyrir sveitarstjórn að bæta um það, sem áfátt kann að reynast við rekstur eða fjárreiður sveitarfélagsins, innan hæfilegs frests, sem ráðuneytið ákveður, og gilda um þetta ákvæði 62. gr., eftir því sem við á.

66. gr.

Nú kemur í ljós, að fjárhagur sveitarfélags er slíkur, að það getur ekki með heilbrigðum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum, og er þá ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl.

67. gr.

Nú eru skuldir sveitarfélags, aðrar en skuldir við rikissjóð og skuldir tryggðar með ábyrgð rikissjóðs, svo miklar, að sveitarfélag fær eigi undir risið, án verulegrar lækkunar á þeim, og er þá sveitarstjórn rétt að snúa sér til hlutaðeigandi skiptaráðanda með beiðni um, að leitað verði nauðasamninga um greiðslu á skuldunum.

Ráðuneytið getur einnig lagt fyrir skiptaráðanda að leita nauðasamninga um skuldir sveitarfélaga, sem eins er ástatt um og segir í 1. mgr., þó að sveitarstjórn hafi ekki óskað slíkra samninga.

68. gr.

Þegar sveitarstjórn eða ráðuneytið hafa ákveðið að leita nauðasamninga, samkvæmt 67. gr., skal semja frumvarp til nauðasamninga.

Í frumvarpinu skal flokka skuldir sveitarfélagsins í tvo flokka. Annars vegar skulu taldar þær skuldir, sem samningunum er ekki ætlað að ná til, og geta trygginga fyrir þeim. Hins vegar skulu taldar þær skuldir, sem ætlað er til, að samið sé um, og þá tilgreint, hve háan hundraðshluta þeirra skulda eigi að greiða.

69. gr.

Beiðni til skiptaráðanda um að leita nauðasamninga, samkv. 67.—68. gr., skal fylgja:

- a. frumvarp til nauðasamninga, sbr. 68. gr.,
- b. efnahagsreikningur sveitarfélagsins fyrir síðastliðið reikningsár,
- c. gildandi áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins.

Gögn þessi skulu liggja frammi til sýnis á skrifstofu skiptaráðanda, á meðan nauðasamningar standa yfir.

70. gr.

Þegar skiptaráðanda hefur horizt beiðni um að leita nauðasamninga, ásamt gögnum þeim, sem um ræðir í 69. gr., skal hann auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að gögn þessi liggja frammi til sýnis á skrifstofu sinni, þar til nauðasamningum er lokið eða tilraunum til þeirra hætt.

Enn fremur skal hann gefa út innköllun til skuldheimtumanna að viðlögðum missi kröfu, sbr. lög nr. 19 4. júní 1924, 2. gr., hafi slík innköllun ekki farið fram, sbr. 64. gr. 2. mgr.

71. gr.

Frá þeim degi að ákvörðun um að leita nauðasamninga hefur verið birt og þar til nauðasamningar hafa verið gerðir eða samningatilaunum lokið, fer um greiðslur á skuldum sveitarfélagsins, sem til voru orðnar við upphaf nauðasamninga, og ráðstöfun á eignum þess samkv. ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti, eftir því sem við getur átt.

72. gr.

Að loknum innköllunarfresti boðar skiptaráðandi til fundar með hæfilegum fyrirvara með öllum þeim skuldareigendum, sem semja þarf við. Boða skal til fundarins með ábyrgðarbréfi eða simskeyti til hvers skuldareiganda. Með sama hætti skal félagsmálaráðuneytinu og sveitarstjórn tilkynnt um fundinn.

73. gr.

Á fundi þeim, sem um ræðir í 72. gr., skal skiptaráðandi leggja fram gögn þau, er um ræðir í 69. gr. Frumvarpið skal síðan rætt, svo og breytingartillögur við það, sem skuldareigendum er rétt að bera fram.

Rétt er skuldareigendum að krefjast allra upplýsinga um hag sveitarfélagsins, sem máli skiptir og unnt er að láta í té.

74. gr.

Að umræðum um frumvarp til nauðasamninga loknum, samkvæmt 73. gr., skal það borið undir atkvæði ásamt framkomnum breytingartillögum. Breytingar á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjöf á þeim öðlast því aðeins gildi, að samþykki hlutaðeigandi veðhafa komi til. Samþykki skuldareiganda þarf og til þess að breyta lánskjörum eða veita eftirgjöf á lánum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs, sýslunefndar eða annarra.

75. gr.

Hljóti frumvarpið samþykki skuldheimtumanna, er hafa ráð yfir meira en helmingi fjárhæða þeirra skulda, sem því er ætlað að ná til, öðlast það gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það.

Frumvarpið er þá bindandi fyrir alla skuldheimtumenn, en frekari kröfur á hendur sveitarfélaginu falla þá niður.

76. gr.

Nú á skiptaráðandi sæti í sveitarstjórn, sem leitað er nauðasamninga fyrir, og skal hann þá víkja sæti sem skiptaráðandi, en setuskiptaráðandi settur til þess að leita nauðasamninga.

77. gr.

Auk þeirra ákvæða, sem eru í 67.—76. gr. laga þessara, gilda lög um nauðasamninga, nr. 19/1924, um nauðasamninga sveitarfélaga, eftir því sem við getur átt.

78. gr.

Þegar skuldabyrði sveitarfélags er með þeim hætti, sem lýst var í 1. mgr. 67. gr., og ekki verður leitað nauðasamninga eða slíkar samningatilaunir hafa ekki borið árangur, skal ráðuneytið hlutast til um, að skuldaskil verði gerð fyrir sveitarfélagið.

Við þessi skuldaskil skal verðmæti eigna, sem eigi verða seldar, samkvæmt 11. gr. laga þessara, ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna. Draga skal frá matsverði þann hluta, sem ríkissjóður kann að hafa lagt til eignanna.

Ráðuneytið, sveitarstjórn eða kröfuhafar, sem eiga a. m. k. 40% af kröfum, sem matsgerð hefur áhrif á hvort skerðast að einhverju leyti, samkvæmt ákvæðum 79. gr., geta krafizt yfirmats.

Yfirmatismenn skulu dómkvaddir af Hæstarétti.

79. gr.

Þegar verðmæti eigna sveitarfélagsins hefur verið ákveðið, samkvæmt 78. gr., og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um allar skuldir þess, skal hlutaðeigandi skiptaráðandi gera úthlutunargerð, samkvæmt ákvæðum skiptalaga, og skulu skuldaskil fara fram samkvæmt henni.

Þær kröfur, sem ekki fást greiddar að einhverju leyti eða öllu samkvæmt úthlutunargerðinni, skulu niður falla.

Ákvæði 76. gr. gilda og um skiptaráðanda, sem gerir úthlutunargerð, samkvæmt grein þessari.

80. gr.

Ráðuneytið skal veita sveitarfélagi lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til greiðslu lausra og óveðtryggðra skulda, sem greiðast eiga samkvæmt úthlutunargerð þeirri, sem um ræðir í 79. gr.

81. gr.

Þegar ákveðin hafa verið skuldaskil sveitarfélags, samkvæmt 78. gr. laga þessara, fer um greiðslur á skuldum sveitarfélagsins, sem þá eru til orðnar, og ráðstöfun á eignum þess, svo og aðför eða kyrrsetningu, samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti eftir því, sem við getur átt, þar til skuldaskilum er lokið.

g. Um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar.

82. gr.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga, sem óheimilt er að selja eða veðsetja, samkvæmt 11. gr., og eignir sveitarfélaga verða eigi teknar til gjaldþrotaskipta, en ráðherra er heimilt að svipta sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipa því fjárhaldsstjórn, ef

- a. sveitarstjórn hefur vanrækt fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuldbindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á,
- b. skuldaskil og lánveiting úr Jöfnunarsjóði, sbr. 80. gr., hefur eigi nægt til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll,
- c. sveitarstjórn vanrækir skyldur sínar, samkvæmt 10. gr. A, svo að vandræði hljóttast af.

83. gr.

Rétt er kröfuhafa sveitarfélags, sem gert hefur fjárnám í eignum þess án árangurs, að krefjast þess, að ráðherra svipti sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipi því fjárhaldsstjórn.

84. gr.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags samkvæmt 82.—83. gr., skal ráðuneytið skora á sveitarstjórn að gera skil á hinum vangreiddu kröfum, og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest til þess að koma vanskilunum í lag.

85. gr.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þrem mönnum.

Í hreppum skipar hlutaðeigandi sýslunefnd tvo menn í fjárhaldsstjórn, en ráðherra skipar þriðja manninn, sem jafnframt er formaður fjárhaldsstjórnar.

Í kaupstöðum skipar ráðherra alla fjárhaldsstjórnarmenn, og skulu að jafnaði tveir þeirra vera búsettir í kaupstaðnum. Ráðherra skipar og formann fjárhaldsstjórnar.

86. gr.

Nú hefur ráðherra ákveðið að svipta sveitarstjórn fjárforræði sveitarfélags og fjárhaldsstjórn hefur verið skipuð, samkv. 82.—85. gr., og skal þá ráðuneytið gefa út tilkynningu um það, sem auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu, og öðlast ráðstafanir þessar þá gildi þegar í stað.

87. gr.

Á meðan sveitarfélag lýtur fjárhaldsstjórn, samkvæmt 82.—85. gr., má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði, nema með samþykki fjárhaldsstjórnar. Ályktanir sveitarstjórnar, sem hafa kostnað í för með sér, eru ógildar, nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins, á meðan það er undir fjárhaldsstjórn, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

88. gr.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir tiltekið tímabil, sem þó skal eigi vera lengra en eitt og hálf ári. Lok áætlunarinnar skal miða við áramót.

Fjárhagsáætlun þessa skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar, ásamt umsögn sveitarstjórnar.

Eftir að ráðuneytið hefur staðfest áætlunina, gildir hún sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins tiltekið tímabil, sbr. 46. gr. 4. mgr.

Niðurrjónunarnefnd annast niðurrjónun útsvara samkvæmt þessari áætlun.

89. gr.

Reynist fjárhagur sveitarfélags slíkur, sem lýst er í 1. mgr. 67. gr., skal sveitarfélagið tekið til skuldaskila, samkvæmt ákvæðum 78.—81. gr. laga þessara, nema leitað sé nauðasamninga, samkv. ákvæðum 67.—77. gr., með jákvæðum árangri.

Ákvæði 66. gr. skulu og gilda um sveitarfélag, sem sett hefur verið undir fjárhaldsstjórn, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

90. gr.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðuneytisins, þegar telja má, að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing um það skal birt í Lögbirtingablaðinu.

91. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður þóknun fjárhaldsráðsmanna, sem greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI

Um sýslufélög.

92. gr.

Hlutverk sýslufélaga er að annast:

- a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna,
- b. umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum,
- c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf,
- d. umsjón og stjórn vegamála, samkv. vegalögum, nr. 34/1947, lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102/1933, og lögum um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919,
- e. afskipti af forðagæzlu, samkv. VIII. kafla laga nr. 54/1957, eftirlit samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, og úrskurðun og greiðslu reikninga, samkv. lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka,
- f. setningu byggingarsamþykktar fyrir sýsluna, samkv. lögum nr. 108/1945,
- g. álitserðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitserðar sýslunefndar hefur verið leitað,
- h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra, en sýslumaður skipar einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra,
- i. stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra hjargarskortu eða hallæri,
- j. önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

93. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera sýslunefnd, sem sér um, að hlutverk sýslufélags, samkv. 92. gr., sé rækt, og annast ásamt oddvita sínum öll málefni sýslufélagsins.

94. gr.

Í sýslunefnd eiga sæti, auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, einn sýslunefndarmaður, sem kosinn er í hverju sveitarfélagi, innan sýslufélagsins.

95. gr.

Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum. Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð.

96. gr.

Hver sýslunefndarmaður skal hafa varamann, sem kjósa skal með sama hætti og sýslunefndarmann.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður, svo að hann getur ekki sótt sýslufund, og skal hann þá tilkynna varamanni sínum forföll svo tímanlega, að hann geti sótt fundinn.

97. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni áður en kjörtími hans er liðinn, skal svo fljótt sem við verður komið kjósa mann í nefndina í stað hans, aðeins til þess tíma, er eftir var af kjörtímabilinu. Sama gildir um vara-sýslunefndarmann.

Nú er hreppi skipt, og falla þá niður umboð sýslunefndarmanns hans og vara-sýslunefndarmanns. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum til loka kjörtímabilsins.

98. gr.

Sýslunefnd skal halda a. m. k. einn fund á ári, samkv. nánari ákvörðun oddvita, þó eigi síðar en 25. júlí, sbr. 59. gr.

Oddviti getur boðað til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna krefst þess.

Oddviti ákveður fundarstað, hafi nefndin ekki sjálf gert það.

99. gr.

Oddviti stjórnar sýslufundum, og gilda ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara um sýslufundi, eftir því sem við á.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða nefnd, til að leysa þau af hendi eða að starfa að einhverju mál-fni til undirbúnings milli funda.

Um kosningar á sýslufundum fer samkvæmt ákvæðum 37. gr., eftir því sem við á.

100. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

101. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og nettótekna samkv. skattskrá, allt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur í hlut hvers hrepps að greiða, skal greitt sýslumanni úr sveitarsjóði á næsta manntalsþingi.

102. gr.

Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfavíðskipti á vegum hennar. Hann geymir innstæðufé sýslunnar og skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

103. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

Allur kostnaður við sýslufundarhald og stjórn sýslumála, þar með talin þóknun til sýslunefndarmanna fyrir fundarsetu, sem skal vera 300 krónur á dag til hvers, auk ferðakostnaðar, greiðist úr sýslusjóði.

104. gr.

Sýslunefnd kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum hópi til þess að endurskoða ársreikninga sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem vera kunna í vörzlum sýslunefndar eða oddvita hennar.

Um endurskoðun þessa gilda ákvæði 56. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

105. gr.

Oddviti skal hafa samið reikning um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir næstliðið ár svo og efnahagsreikning sjóðsins miðað við 31. des. svo tímanlega, að endurskoðun ársreikninganna, sbr. 104. gr., sé lokið fyrir aðalfund sýslunefndar, en á þeim fundi skal sýslunefnd úrskurða reikninginn.

Sama gildir um reikninga sýsluvegasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem sýslunefnd hefur umsjón með.

Reikningar sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs, ásamt fylgiskjölum og úrskurðum, skulu að loknum aðalfundi sýslunefndar sendir félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

106. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum hópi til þess að endurskoða ársreikninga hreppanna og fyrirtækja rekinna á þeirra vegum, sbr. 58. gr. 2. mgr., og gilda ákvæði 56. gr. laga þessara um þá endurskoðun.

Endurskoðandi skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar, og ber honum að senda svör sín til endurskoðandans svo tímanlega, að þau geti legið fyrir aðalfundi sýslunefndar, þegar reikningurinn verður úrskurðaður.

Oddviti sýslunefndar annast skil til Hagstofu Íslands, svo sem nánar er mælt fyrir í 59. gr.

107. gr.

Nú hefur sýslunefnd samþykkt reglugerð um einhver þau málefni, sem hún hefur heimild til að setja reglugerð um samkvæmt lögum, og skal þá senda ráðherra reglugerðina til staðfestingar.

Slíkar reglugerðir öðlast lagagildi, þegar ráðherra hefur staðfest þær og þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

108. gr.

Strax að loknum aðalfundi sýslunefndar skal fundargerð, ásamt ársreikningum sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra sjóða í umsjá sýslunnar, gefin út á prenti eða í fjölritun, sem síðan skal senda oddvitum hreppanna svo fljótt sem kostur er í hæfilega mörgum eintökum fyrir íbúa hreppanna. Einnig ber að senda sýslufundargerðina til félagsmálaráðuneytisins.

109. gr.

Þyki oddvita ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o. fl.

110. gr.

- Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.
Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:
Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 30.—
36. gr.
Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaping.
Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.
Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.
Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.
Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.
Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.
Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.
Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.
Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.
Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember
1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.
Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.
Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.
Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.
Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.
Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.
Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.
Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndin í heild og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við málið.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 20. maí 1958, til þess að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál og semja frumvarp eða frumvörp um þau efni. Í nefndinni eiga sæti Bjarni Þórðarson, bæjarstjóri, Neskaupstað, Björn Björnsson, sýslumaður, Hvolsvelli, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jón Guðjónsson, bæjarstjóri, Ísafirði, og Tómas Jónsson, borgarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar.

Frá nefndinni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Nefndin hóf störf sín með því að semja spurningalista varðandi ýmis veigamikil atriði laga um hin ýmsu sveitarstjórnarmál. Síðan ritaði hún bréf til allra sveitarstjórna í landinu og sendi spurningalista með bréfinu og óskaði svars við spurningunum. Svör bárust frá 161 hreppsnefnd og 7 bæjarstjórnnum, eða samtals frá 168 sveitarfélögum.

Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927, gilda aðeins um hreppana og sýslurnar. Lögin um kaupstaðina eru með þeim hætti, að sérstök lög eru fyrir hvern kaupstað. Flest þessi lög eru mjög lík eða jafnvel alveg samhljóða. Í þessu sambandi koma tvær leiðir einkum til athugunar. Í fyrsta lagi, að sveitarstjórnarlögin verði áfram gildandi aðeins fyrir hreppa og sýslur, en samin verði heildarlög fyrir alla kaupstaðina. Í öðru lagi, að sveitarstjórnarlög yrðu gildandi fyrir öll sveitarfélög í landinu, hreppa og kaupstaði, og sérstakur kafla í þeim lögum, sem fjallaði um sýslufélögin. Spurningin um það, hvor leiðin skuli valin, veltur á því, hvort svo mikil

brögð séu að sérákvæðum fyrir hvort um sig, hreppa og kaupstaði, og svo fáar reglur sameiginlegar fyrir þessar tvær tegundir sveitarfélaga, að sameiginleg lög fyrir hvort tveggja verði um of sundurleit og óskipuleg. Eftir vandlega athugun valdi nefndin síðari kostinn. Frumvarp þetta gildir því bæði um hreppa og kaupstaði. Nefndin telur rétt, að sett verði lög um stærð og takmörk lögsagnarumdæma kaupstaðanna. Ákvæði um þau efni eru sjálfstæð fyrir hvern kaupstað, en hagstætt virðist að geyma slík ákvæði í einum lögum.

Eitt veigamesta grundvallaratriði, sem gera verður grein fyrir við endurskoðun sveitarstjórnarlaga, er það, hvort breyta skuli mörkum sveitarfélaganna. Kemur þá einkum til athugunar, hvort eigi sé rétt að stækka sveitarfélögin og fækka þeim. Mörg rök má leiða að því, að slík grundvallarbreyting sé æskileg. Með bætum samgöngum og hinni miklu útbreiðslu talsímans ætti að vera auðvelt að stækka sveitarfélögin. Eins og þessum málum er nú víða háttáð er áreiðanlega auðveldara fyrir eina sveitarstjórn að annast innheimtu og önnur sveitarstjórnarniál í tveimur eða fleiri hreppum, þar sem staðhættir leyfa, en áður var í einum hreppi. Af þessum sökum væri vissulega auðvelt að sameina ýmsa hreppa. Þá er það mikill kostur við stærri sveitarfélögin, að þau myndu reynast mun sterkari í sókn og vörn í málefnum sveitarfélagsins.

Spurningunni um stækkun sveitarfélaganna svöruðu sveitarstjórnirnar þannig: Nei sögðu 100, já sögðu 39 og 29 svöruðu ekki eða óljóst.

Þrátt fyrir ýmsar ástæður, sem mæla mjög sterklega með stækkun sveitarfélaganna, taldi nefndin ekki fært að leggja til, að slíkar grundvallarbreytingar yrðu gerðar gegn vilja flestra sveitastjórna í landinu.

Nefndin leggur þó til, að ráðherra verði heimilt að sameina fámennustu sveitarfélög nágrannasveitarfélögum, þar sem hentugt er staðháttu vegna, sbr. 5. gr. Enn fremur er lagt til, að heimild til að skipta sveitarfélagi verði framvegis bundin því skilyrði, að hin nýju sveitarfélög nái ákveðinni lágmarkstölu íbúa, sbr. 6. og 7. gr.

Nokkur lagaákvæði, sem nú eru í lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 23. júní 1936, eiga samkvæmt eðli málsins betur heima í sveitarstjórnarlögum. Sem dæmi má nefna ákvæði um skipun sveitarstjórna í I. kafla laga nr. 81/1936, svo og flest ákvæði í XIV.—XVI. kafla þeirra laga. Í samræmi við þetta hefur nefndin tekið upp í frumvarpið ákvæði, sem að efni til svara til þessara ákvæða í lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Nefndin álitur, að semja þurfi ný lög um sveitarstjórnarkosningar, þar sem ákveða mætti, að lögin um kosningar til Alþingis skuli gilda um sveitarstjórnarkosningar eftir því sem við á. Í lögum þessum þyrftu að vera nokkur ákvæði um þau atriði, sem sérstæð eru fyrir sveitarstjórnir og engin ákvæði eru um í kosningalögunum til Alþingis.

Í desember 1959 var skipuð sérstök nefnd til þess að endurskoða lögin um tekjustofna sveitarfélaganna. Sú nefnd hefur skilað frumvarpi um Jöfnunarsjóð og frv. um breytingu á útsvarslögunum, en hefur enn eigi lokið störfum. Samkvæmt því mun þessi nefnd ekki fjalla frekar um tekjustofna sveitarfélaganna, en hún hafði samið drög að slíku frumvarpi, sem tekjustofnanefndin hefur haft til athugunar.

Theódór Lindal, prófessor, hefur að ósk nefndarinnar athugað ákvæði þessa frumvarps um fjárþröng sveitarfélaga, III. kafli, f, og um sviptingu fjárforræðis og um skipun fjárhaldsstjórnar, III. kafli, g. Hefur nefndin lagfært frv. í samræmi við ábendingar prófessorsins um þessi efni og fleiri atriði frumvarpsins, sem hann gaf nefndinni bendingar um.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Réttur sveitarfélaga til þess að stjórna sjálf málefnum sínum, samkvæmt því, sem lög ákveða, er tryggður með stjórnarskránni, sjá 76. gr. stjórnarskrárinnar nr.

33 17. júní 1944. Yfirstjórn sveitarstjórnarmála hefur verið hjá félagsmálaráðuneytinu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Ákvæði, sem eru efnislega samhljóða 2. mgr., eru í 19. gr. laga nr. 12/1927.

Um 2.—3. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum 1.—3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927.

Eins og greinarnar bera með sér eru sýslufélögin ekki talin til sveitarfélaga. Sýslurnar og kaupstaðirnir eiga það hins vegar sameiginlegt, að þau eru lögsagnarumdæmi. Í raun og veru eru sýslufélögin lögbundið samband sveitarfélaga, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Um 4. gr.

Efnislega samhljóða 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927, að öðru leyti en því, að heimildin til þess að breyta hreppamörkum er bundin því skilyrði, að íbúatala hinna nýju hreppa, eftir að skipti hafa farið fram, verði eigi lægri en 150.

Um 5. gr.

Grein þessi hefur að geyma nýmæli. Það er ýmsum annmörkum háð að halda uppi sveitarfélögum, sem eru mjög fámenn. Þar sem hentugt er, staðhátta vegna, að sameina slík sveitarfélög nágrannasveitarfélagi, virðist slík sameining hljóta að vera mjög æskileg.

Eins og áður segir voru sveitarstjórnirnar mjög neikvæðar í svörum sínum til nefndarinnar varðandi fækkun og stækkun sveitarfélaganna. Nefndinni þótti því ekki fært að ganga lengra í þá átt að sameina sveitarfélög en gert er með ákvæðum þessarar greinar, þar sem lagt er til, að ráðuneytið fái heimild til sameiningar mjög fámennra sveitarfélaga og þá samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um mannfjöldann í hinum ýmsu sveitarfélögum 1. desember 1958 eru 33 af samtals 214 hreppum í landinu með lægri meðlimatölu en 100. M. ö. o. heimild greinarinnar getur í mesta lagi tekið til 33 sveitarfélaga.

Um 6. gr.

Með 4. gr. laga nr. 12/1927 er þorpum eða kauptúnum veittur réttur til þess að fá sérstaka sveitarstjórn og vera hreppur fyrir sig. Með frumvarpsgreininni er þessi réttur takmarkaður við það, að hinn hluti sveitarfélagsins verði hæfilega stór sem sérstakt sveitarfélag, þ. e., að hann telji a. m. k. 200 íbúa. Enn fremur er lagt til, að sá hluti sveitarfélagsins, sem þorpið eða kauptúnið er ekki í, fái sams konar rétt og þorpið eða kauptúnið, sbr. frumvarp á þingskjali 34/1957 og rökstudda dagskrá, þingskjal 506. Loks er lagt til, að það skilyrði sé fyrir skiptingu, að tilmæli um hana hafi verið samþykkt á sveitarfundi af a. m. k. $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæðisbærra meðlima, sem lögheimili eiga í þeim hreppshluta, sem óskar skiptanna.

Um 7. gr.

Með ákvæði þessarar greinar um að íbúatala hvors hrepps, að skiptum loknum, skuli eigi lægri vera en 150, er leitast við að sporna nokkuð gegn þeirri þróun að smækka sveitarfélögin óhóflega, sbr. og 5. gr. 1. mgr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þýðingarmikið atriði í sambandi við skilgreiningu hugtaksins sveitarfélag er það, hversu þegnum ríkisins skal skipt milli hinna ýmsu sveitarfélaga. Lagt er til, að hver og einn teljist meðlimur þess sveitarfélags, þar sem hann á lögheimili. Nefndin samdi frumvarp til laga um lögheimili, sem lagt var fyrir Alþingi um síðastliðin ára-

mót. Frumvarp þetta hlaut afgreiðslu Ed. lítið breytt og heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. hafði mælt með samþykkt þess eins og það lá fyrir. Af einhverjum ástæðum, sem ekki eru kunnar, dagaði frumvarpið uppi, en er nú flutt að nýju. Í þessari grein er vísað til ákvæða þessa frumvarps um lögheimili.

Um 10. gr.

Með grein þessari er lagt til, að greinarmunur verði gerður á þeim störfum sveitarfélaga, sem eru bundin með lagaákvæðum, og öðrum störfum þeirra. Helztu lögbundin verkefni eru talin í 1. mgr. greinarinnar. Hliðstæð þessari málsgrein eru ákvæðin í 12.—18. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. tilsk. frá 20. apríl 1872, 13.—14. gr., 17. gr., og laga nr. 109/1949, 8.—11. gr. Í 2. mgr. er rætt um önnur verkefni, sem ekki eru með sama hætti fastbundin í lögum og verkefni þau, sem um er rætt í 1. mgr.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru ýmis nýmæli.

Í fyrsta lagi er ákvæði b-liðs. Eftir núgildandi lögum er sala eða veðsetning kröfu til útsvars eða skatts að líkindum heimil. Þar eð hér er um að ræða helztu tekjustofna, sem tryggja eiga fyrst og fremst viðunandi framkvæmd lögskipaðra verkefna, þykir rétt að banna framsal slíkra krafna og heimila aðeins veðsetningu þeirra til tryggingar rekstrarlánnum, sem greiða á fyrir árslok. Hins vegar þykir ekki fært að takmarka þann rétt, sem einstaklingar hafa til skuldajafnaðar við útsvör eða skatta, samkv. almennum reglum.

Í öðru lagi er lagt til í c-lið greinarinnar að banna sölu og heimila aðeins veðsetningu til tryggingar stofnkostnaði, t. d. nauðsynlegs skólahúss, nauðsynlegra slökkvitækja o. s. frv., svo og aðrar þær ráðstafanir á slíkum eignum og tækjum, sem koma í veg fyrir eða torvelda eðlilegar framkvæmdir, sem sveitarfélög eru lögskyld að annast. Ákvæðið hindrar að sjálfsögðu ekki sölu t. d. gamals skólahúss, sem hætt er að nota sem slíkt, þar eð bann greinarinnar nær aðeins til nauðsynlegra eigna og tækja. Þörf sveitarfélags til þess að hafa óbundinn ráðstöfunarétt á slíkum eignum þykir verða að víkja fyrir nauðsyn þeirrar þjónustu, sem einstaklingarnir eiga lagalegan rétt til af hálfu sveitarfélagsins.

Í þriðja lagi er í d-lið greinarinnar lagt til, að sala og veðsetning á þeim mannvirkjum, sem þar um ræðir, t. d. rafveitu, vatnsveitu, hafnarmannvirkjum o. fl., verði háð sams konar takmörkunum og um ræðir í c-lið. Flest þessi mannvirki eru auk þess þannig gerð, að þau eru ekki hæf til annarra nota en þeirra, sem þau eru gerð fyrir, sem telja má félagslega nauðsyn að sveitarfélagið annist um. Eignir þessar eru hins vegar annars eðlis en eignir þær, sem um er rætt í c-lið, þar eð flest þessi mannvirki eru arðvænleg, og þykir þá rétt að láta sveitarfélögin óbundin um ráðstöfun arðsins.

Loks er ákvæði e-liðs um áhættusaman atvinnurekstur. Reynslan hefur sýnt, að þegar atvinnurekstur sveitarfélaga, eins og t. d. útgerð, hefur verið rekinn með miklum halla, verður ríkissjóður að hlaupa undir bagga og er þá eðlilegt, að sveitarfélög verði að fá samþykki ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins) til slíkrar starfsemi.

Ákvæði f-liðs er ekki nýmæli, sbr. 28. gr. laga nr. 12/1927, en nokkuð breytt til samræmis við gildandi venjur um þau efni.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt núgildandi lögum, sjá 5. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 1. gr. tilsk. 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949, 4. gr.

Um 13. gr.

Ákvæði greinar þessarar svarar til ákvæða 1. gr. laga nr. 81/1936. Tala bæjarstjórnarmanna er nú nokkuð breytileg. Nokkrir kaupstaðir hafa aðeins 7

fulltrúa í bæjarstjórn, í Reykjavík eru 15 bæjarfulltrúar og á Akureyri eru 11, en annars staðar eru bæjarfulltrúar 9. Með grein þessari er lagt til, að bæjarfulltrúar verði yfirleitt 9, en ráðherra heimilað að fækka eða fjölga um 2 fulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Hámarksfjöldi bæjarfulltrúa í Reykjavík verði hækkaður úr 21 í 27 fulltrúa. Samkvæmt gildandi lögum, skal ráðherra ákveða tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt tillögum hreppsnefndar, þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi. Samkvæmt frumvarpsgrein þessari skulu bæjarfulltrúar vera 9, þegar þannig stendur á.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 81/1936. Tala hreppsnefndarmanna er nokkuð misjöfn. Nokkrar hreppsnefndir eru skipaðar þrem hreppsnefndarmönnum, fáeinar 7, en flestar 5. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir 5 hreppsnefndarmönnum, sem almennri reglu, en sýslunefndum er þó heimilað, samkvæmt ósk hreppsnefndar, að breyta þessari tölu, þó þannig, að hreppsnefndarmenn verði eigi færri en 3 og eigi fleiri en 7.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar um kosningafyrirkomulag við sveitarstjórnarkosningar eru efnislega samhljóða nógildandi ákvæðum, sbr. 17. gr. laga nr. 81/1936.

Um 16. gr.

Lagt er til, að kjörtímabilið verði 4 ár, eins og verið hefur, sbr. 1. málslíð 3. gr. laga nr. 81/1936. Þá er og lagt til, að kjörtímabili sé lokið þegar almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram, þó að eigi séu liðin 4 ár frá síðustu kosningu, t. d. vegna þess að síðasta kosning hefur farið fram vegna skipta á sveitarfélagi, sbr. 5. gr. laga nr. 81/1936.

Um 17. gr.

Hér er lagt til, að kjördagur við almennar sveitarstjórnarkosningar verði einn og hinn sami bæði í kaupstöðum og hreppum, þ. e. síðasti sunnudagur maímánaðar, sem ekki ber upp á hvítasunnudag. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1958 er þessi dagur kjördagur fyrir bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni. Lagt er til, að sú breyting verði á gerð, að kjördagur við aðrar hreppsnefndarkosningar verði hinn sami, en samkvæmt nefndri lagagrein er kjördagur við þær kosningar síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Um 18. gr.

Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um það, hvort ráðlegt væri að lækka kosningaaldur við sveitarstjórnarkosningar. Svör sveitarstjórnanna voru þessi: nei sögðu 129, já sögðu 37 og 2 svöruðu ekki. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að kosningaaldurinn verði hinn sami og verið hefur.

Grein þessi er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 81/1936. Meðlimur sveitarfélags er hver sá, sem á lögheimili í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. þessa frumvarps. Samkvæmt frumvarpi því til laga um lögheimili, sem nefndin hefur samið, skulu allir menn eiga lögheimili í einhverju sveitarfélagi, og enginn getur átt lögheimili nema í einu sveitarfélagi í senn.

Um 19. gr.

Efni 1. mgr. er í höfuðatriðum eins og ákvæði 7. gr. laga nr. 81/1936. Samkvæmt greininni eru kjörgengisskilyrðin tvö. Fulltrúinn verður að vera meðlimur sveitarfélagsins og hann verður einnig að hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu. Samkvæmt nógildandi lögum er kosningarréttarskilyrðið frávikjanlegt, sbr. lög nr. 103, 20. des. 1945, 1. gr.

Efni 2. og 3. mgr. er samhljóða 8. gr. laga nr. 81/1936.

Um 20. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða ákvæðum 1. mgr. 3. gr. og 1.—3. mgr. 33. gr. laga nr. 81/1936, sbr. lög nr. 18 15. maí 1942, en orðalagi nokkuð breytt. Ákvæði 3. mgr. kveða skýrt á um það, að fulltrúa, sem forfallast um stundarsakir, sé rétt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti hans. Þannig hafa núgildandi ákvæði líka verið túlkuð, sbr. úrskurð ráðuneytisins, dags. 8. apríl 1953.

Rétt er að vekja athygli á því, að samkvæmt 1. mgr. skal kjósa varamann þegar kosning er óbundin, sbr. hins vegar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1936.

Um 21. gr.

Í 1. og 2. gr. er það nýmæli, að tekið er upp sameiginlegt heiti fyrir oddvita hreppsnefnda og forseta bæjarstjórna. Lagt er til, að sameiginlegt heiti þeirra verði formaður sveitarstjórnar. Þar eð reglur þær, sem nú gilda um forseta bæjarstjórna, gilda yfirleitt líka um oddvita, að því leyti, sem þeir annast fundarstjórn hreppsnefnda, eru hagstætt að hafa sameiginlegt heiti fyrir báða eins og hér er lagt til.

Ákvæði þessarar greinar, um aldursforseta og kjör formanna, eru efnislega mjög lík ákvæðum núgildandi laga, sbr. lög nr. 12/1927, 1. málslíð, 2. mgr. og 3.—4. mgr. 8. gr. svo og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 81/1936. Hliðstæð ákvæði þeim, sem eru í lögum nr. 12/1927, eru ekki í lögnum um kosningu forseta í bæjarstjórnnum, en eðlilegt virðist, að slík ákvæði taki einnig til kosningar bæjarstjórnarforseta.

Um 22. gr.

Lagt er til, að kjörtímabil formanns og varaformanns verði hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. laga nr. 12/1927, en jafnframt er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn geti ákveðið skemmri kjörtíma. Í 2. mgr. þessarar greinar eru ákvæði, sem svara til 3. málslíðs 1. mgr. 8. gr. laga nr. 12/1927.

Ákvæði um kjörtímabil forseta bæjarstjórnar eru ekki í lögum um kaupstaðina, en einsýnt þykir, að sömu reglur gildi um þá í þessu sambandi og um oddvita.

Um 23. gr.

Í grein þessari eru ekki miklar breytingar. Tilsvarendi ákvæði eru í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík, frá 20. apríl 1872 og 3. mgr. 7. gr. laga um bæjarstjórn í Húsavík, nr. 109 30. des. 1949. Samkvæmt núgildandi lögum á oddviti rétt á að skorast undan kosningu eftir þriggja ára oddvitastarf, en samkvæmt frumvarpsgreininni á hann ekki slíkan rétt fyrr en eftir fjögur ár, nema kjörtími hans hafi verið styttri, sbr. 21. gr. Samkvæmt lögnum um kaupstaðina virðast bæjarfulltrúar ekki eiga rétt til þess að skorast undan störfum, þó að þeir hafi gegnt þeim um lengri tíma. Engin ástæða virðist vera til þess að veita hreppsnefndarmönnum þenna rétt, en synja bæjarfulltrúum um sama rétt. Það er því lagt til, að bæjarfulltrúar fái í þessu efni sama rétt og hreppsnefndarmenn.

Um 24. gr.

Í núgildandi lögum er ekki ákvæði um það, hvort launa skuli hreppsnefndarmönnum og bæjarfulltrúum störf þeirra í sveitarstjórnnum. Hreppsnefndarmönnum mun yfirleitt ekki vera launað, en sumir kaupstaðir launa bæjarfulltrúum sínum, aðrir ekki. Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um þetta atriði. Svörin voru þau, að 106 sveitarstjórnir vildu láta launa þessi störf, 54 vildu ekki launa störfin og 8 svöruðu ekki.

Í samræmi við þessi svör leggur nefndin til, að sveitarstjórnunum sé heimilt að greiða þóknun til sveitarstjórnarmanna, svo sem nánar er ákveðið í grein þessari.

Um 25. gr.

Um efni þessarar greinar eru ákvæði í núgildandi lögum, sjá 1. mgr. 10. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 11. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 og 6. gr. laga nr. 109/1949.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma nokkur nýmæli.

Í fyrsta lagi er lagt til, að bæjarstjórnir haldi reglulega fundi mánaðarlega. Þó að lög mæli ekki fyrir um mánaðarlega fundi, mun sá háttur venjulegastur í kaupstöðunum. Í Reykjavík eru reglulegir bæjarstjórnarfundir haldnir hálfsmánaðarlega. Þá er gert ráð fyrir heimild til þess að fella niður fundi í júlí og ágúst. Í sumum kaupstöðum mun hafa tíðkæpt að fella niður einn eða fleiri reglulega fundi á sumrin.

Í öðru lagi er lagt til, að nægilegt sé, að aðeins þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa geti krafizt aukafundar. Í nügildandi lögum þarf helming fulltrúa, sjá áður nefndar lagagreinar.

Um 26. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í nügildandi lögum, sjá upphaf 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 11. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 og 6. gr. laga nr. 109/1949.

Um 27. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 12/1927, ræður atkvæði oddvita úrslitum mála, ef atkvæði eru jöfn. Hins vegar er hér lagt til, að atkvæðisefni falli, ef svo stendur á. Frumvarpsgreinin er að efni til lík ákvæðum laga um bæjarstjórnir, sbr. t. d. 2. mgr. 11. gr. tilskipunar frá 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949.

Um 28. gr.

Samkvæmt grein þessari er gert ráð fyrir tveim umræðum í sveitarstjórn um nokkur málefni. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, ber að ræða fjárhagsáætlun kaupstaðanna við tvær umræður, hins vegar er ekki gert ráð fyrir tveim umræðum um fjárhagsáætlunir hreppsfélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til, að tvær umræður verði hafðar um fjárhagsáætlunir, einnig í hreppunum.

Sú venja mun víða hafa orðið í bæjarstjórnnum, að ræða ársreikninga kaupstaðanna við tvær umræður. Hér er lagt til, að tvær umræður um ársreikninga verði lögfestar, undantekningarlaust, að því er varðar kaupstaðina, en hreppsnefndum verði heimilað að víkja frá þessu ákvæði, sbr. 2. mgr.

Það er nýmæli, að ræða skuli við tvær umræður reglugerðir, sem öðlast eiga lagagildi. Sýnist eðlilegt, að sá háttur verði á hafður.

Um d-lið vísast til 10. gr. laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Um 29. gr.

Hér er ekki um nýmæli að ræða, sbr. 1. málslið 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 12/1927 og t. d. 11. gr. tilskipunar frá 20. apríl 1872 og 6. gr. laga nr. 109/1949.

Um 30. gr.

Í lögum kaupstaðanna er gert ráð fyrir því, að hver bæjarstjórn setji sér fundarsköp, sem ráðherra staðfesti, sbr. t. d. 11. gr. i.f. tilskipunar frá 20. apríl 1872 og 6. gr. i.f. laga nr. 109/1949. Slík fundarsköp eru að sjálfsögðu samhljóða eða nærri því samhljóða fyrir allar bæjarstjórnir landsins. — Virðist því eðlilegast, að til sé reglugerð um fundarsköp, sem gildi fyrir allar sveitarstjórnir. Engin lagaákvæði eru um fundarsköp hreppsnefnda, en eðlilegt er, að sömu fundarsköp gildi fyrir þær eins og bæjarstjórnirnar. Sjálfsagt virðist, að ráðuneytið setji slíka allsherjar reglugerð, svo sem lagt er til með frumvarpsgreininni.

Um 31. gr.

Í nügildandi lögum er gert ráð fyrir almennum sveitarfundum í hreppunum, sjá 2. mgr. 28. gr. laga nr. 12/1927. Vegna bættra samgangna þykir mega stytta auglýsingafrest slíkra funda í 3 daga, eins og lagt er til.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Í sambandi við ákvæði þessarar greinar kemur mjög til álita, hvert skuli vera kjörtímabil bæjarstjóra eða sveitarstjóra, sbr. 42. gr. Samkvæmt núgildandi lögum skal bæjarstjóri kosinn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar og er kjörtími hans hinn sami og kjörtími bæjarfulltrúa, sjá 2. mgr. 30. gr. laga nr. 81/1936. Hins vegar er svo fyrirmælt í 3. gr. laga nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra, að eigi sé skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar. Störf sveitarstjóra eru alveg hliðstæð störfum bæjarstjóra, sbr. 32. gr., og því óeðlilegt, að ekki gildi sömu reglur um hvort tveggja, sbr. og 42. gr. 2. mgr. Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um það, hvort æskilegt væri, að kjörtími bæjarstjóra eða sveitarstjóra væri annar en fulltrúa í sveitarstjórn. Svörin voru þessi: 104 sveitarstjórnir sögðu nei, 9 sögðu já og 55 svöruðu ekki.

Nefndin leggur því til, að almenna reglan verði sú, að ráðningartími bæjarstjóra og sveitarstjóra sé hinn sami og kjörtími sveitarstjórnanna. Hafi sveitarstjórn hins vegar ráðið bæjarstjóra eða sveitarstjóra til lengri tíma, er hvorum aðila um sig, bæjarstjóra eða sveitarstjóra annars vegar og sveitarstjórn hins vegar, heimilt að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara.

Reglan í 2. mgr. þessarar greinar er að efni til hin sama og reglan í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1936.

Um 34. gr.

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði 1. mgr. munu vera í flestum lögum kaupstaðanna, sbr. t. d. lög nr. 109/1949, 7. gr. 1. mgr., og ákvæði 2. mgr. er að efni til samhljóða ákvæðum í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 81/1936.

Um 35. gr.

Í lögum hinna ýmsu kaupstaða er borgarstjóra, bæjarstjóra, oddvita eða forseta veitt vald til þess að fella úr gildi til bráðabirgða ákvörðun bæjarstjórnar, ef honum virðist ákvörðunin ganga út fyrir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til þess að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla. Samkvæmt lögum nr. 49/1914, 5. gr., er það borgarstjórinn í Reykjavík, sem hefur þetta vald. Samkvæmt lögum nr. 33/1929, 5. gr., er bæjarstjóranum í Hafnarfirði falið þetta vald, en í lögum um yngri kaupstaðina er þetta vald lagt í hendur forseta bæjarstjórnanna, sjá t. d. lög nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík, og lög nr. 109/1949, um bæjarstjórn í Húsavík. Yfirleitt mun þessu ákvæði ekki hafa verið beitt og er því lagt til, að það verði fellt niður. Hins vegar er lagt til, að bæjarstjórar fái slíkt vald, þegar bæjarstjórnir stofna til verulegra útgjalda, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun. Ef til þess kemur, að bæjarstjórar noti þá heimild, sem felst í 1. mgr. þessarar greinar, leggur ráðuneytið fullnaðarúrskurð á málið.

Um 36. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða núgildandi lögum, sjá lög nr. 81/1936, 30. gr. 6. mgr. i. f. og t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 3. gr. og lög nr. 109/1949, 7. gr. 2. mgr. i. f. Í frumvarpsgreininni er þó gert ráð fyrir því, að bæjarráð geti tekið fullnaðar-ákvörðun um mál, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði um slíkar ákvarðanir.

Um 37. gr.

Lagt er til, að sama kosningafyrirkomulag við kosningu bæjarráðs og nefnda skuli gilda framvegis, sbr. upphaf 31. gr. laga nr. 81/1936 og t. d. lög nr. 109/1949, 6. gr. 2. mgr. i. f. Ástæðulaust virðist vera að taka hér upp þær reglur, sem gilda um hlutfallskosningar, eins og nú er gert í 31. gr. laga nr. 81/1936, þar eð hér á landi mun ekki hafa verið beitt nema einni aðferð við hlutfallskosningar. Lagt er til, að reglur um þátttöku varamanna verði svipaðar og verið hefur, sjá lög nr. 81/1936, 33. gr. 6. mgr.

Um 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða 9. gr. laga nr. 12/1927.

Um 40. gr.

Hreppsnefndirnar voru spurðar um það, hvort þær teldu þörf á að breyta ákvæðum um laun oddvita. Svörin voru þau, að 94 töldu breytinga þörf, 41 taldi ekki þörf breytinga, en 26 svöruðu ekki. Af þeim sveitarstjórnnum, sem töldu breytinga þörf, vilja margar, að nánar sé kveðið á um innheimtulaun oddvita en nú er gert. Sumar leggja jafnvel til, að innheimtuprósentan verði ákveðin hin sama fyrir öll sveitarfélög.

Ákvæðin um laun oddvita eru í 23. gr. laga nr. 12/1927, sbr. lög nr. 34/1951. Fyrir árið 1958 voru launin að viðbætti verðlagsuppbót og öðrum uppbótum kr. 13.10 á hvern mann í hreppnum. Nefndin leggur til, að launin verði hækkuð nokkuð eða í kr. 25.00 fyrir hvern meðlim sveitarfélagsins. Þykir það réttlætanlegt vegna hinna nýju ákvæða um framlag til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði, sem valda mun verulegri lækkun útsvaranna í flestum hreppum og þar af leiðandi verulegri lækkun á innheimtulaunum oddvitanna. Þá leggur nefndin til, að innheimtulaun verði 2%—4%, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Nefndin telur ekki fært að ákveða þessa innheimtubóknun eins fyrir alla hreppa, vegna þess, að upphæðirnar, sem oddvitum ber að innheimta, eru svo ákaflega misjafnar. Virðist því eðlilegt að eftirláta hreppsnefndunum að ákveða þóknunina, innan þessara marka. Í stórum hreppum kynni það að reynast ofrausn að greiða 4% þóknun, en hins vegar sízt um of, þegar um lítil sveitarfélög er að ræða.

Um 41. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæðum 9. gr. 2. mgr. laga nr. 12/1927. Hér er þó gert ráð fyrir því, að hreppsnefndir geti, eins og bæjarstjórnir, kosið nefndir til þess að fara með einstök hreppsmál. Að sjálfsögðu annast oddviti þau málefni hreppsins, sem hreppsnefnd hefur ekki falið nefnd eða sérstökum manni að annast, sbr. 39. gr.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 1. gr. laga nr. 19/1951, um sveitarstjóra. Varðandi 2. mgr. nægir að vísa til athugasemda við 33. gr.

Um 43. gr.

Grein þessi hefur að geyma ákvæði, sem í öllum höfuðatriðum eru eins og ákvæði 4.—6. gr. laga nr. 19/1951 og þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Efnislega eins og 7. gr. laga nr. 19/1951.

Um 45. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er almanaksárið reikningsár sveitarfélaganna, sjá 1. mgr. 2. gr. laga nr. 66, 12. apríl 1945, um útsvör, lög nr. 12/1927, 25. gr. 1. mgr. og t. d. 29. gr. tilsk. frá 20. apríl 1872 og 17. gr. laga nr. 109/1949.

Um 46. gr.

Samhljóða ákvæði þessu hafa gilt um bæjarstjórnir, sjá 2. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 66/1945. Það nýmæli felst í frumvarpsgrein þessari, að greinin tekur líka til hreppsnefnda. Samkvæmt núgildandi lögum, skulu hreppsnefndir frjálssar að því, hvenær fjárhagsáætlun er samin, aðeins ef hún er samin áður en niður-

jöfnun útsvara hefst, sjá 3. mgr. 2. gr. laga nr. 66/1945. Lagt er til, að undanþága verði fyrir hreppa með færri en 300 íbúa, sjá 4. mgr.

Um 47. gr.

Hliðstæð ákvæði þeim, sem grein þessi fjallar um, eru í nógildandi lögum, sjá lög nr. 12/1927, 13.—14. gr. og 4. mgr. 25. gr. svo og t. d. 26. gr. tilsk. 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949, 12.—13. gr. Nógildandi ákvæði eru í sumum atriðum úrelt í þessum efnum og er lagt til, að ákvæðunum verði breytt í samræmi við það.

Um 48. gr.

Við samningu ákvæðanna um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga hafði nefndin hliðsjón af frumvarpi því um þetta efni, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur samið. Í greininni er gert ráð fyrir tvöföldu bókhaldi sem óhjákvæmilegri skyldu í kaupstöðunum og hreppum með 500 íbúa eða fleiri. Varhugavert þykir að leggja fyrir smærri sveitarfélög að halda tvöfalt bókhald, þar eð búast mætti við, að slík ákvæði yrðu tæplega nákvæmlega haldin. Þar að auki má fullyrða, að reikningsskil þessara smærri sveitarfélaga hafi yfirleitt verið í mjög góðu lagi, svo að ástæðulaust er að gera nokkra breytingu að því er þau varðar, frá því sem nú er. Greinin gerir þó ráð fyrir því, að sýslunefndum sé heimilt að ákveða tvöfalt bókhald hjá sveitarfélögum, sem reka einhver fyrirtæki.

Um 49. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Hér eru ákvæði, sem efnislega svara til ákvæða laga nr. 12/1927, 24. gr. 1. tl. b og 3. tl.

Um 51. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 52.—54. gr.

Ákvæði þessi þarf ekki að skýra, en veki má athygli á því, að samkvæmt 54. gr. er frestum til að fullgera ársreikninga nokkuð breytt. Leitað var áliti sveitarstjórnanna um það atriði. Voru skoðanir þeirra nokkuð skiptar. Töldu 80 sveitarstjórnir að nauðsynlegt væri að lengja þenna frest, 57 töldu ekki þörf breytinga, en 31 svaraði ekki. Samkvæmt ósk flestra sveitarstjórnanna ákvað nefndin að leggja til, að fresturinn yrði lengdur. Ákvæði þessara greina svara til laga nr. 12/1927, 25. gr. 1. mgr. og t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 29. gr. og laga nr. 109/1949, 17. gr.

Um 55. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 12/1927, skal öll hreppsnefndin rannsaka sveitarsjóðsreikninginn, en auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilafingi ár hvert. Að áliti hreppsnefndanna eru þessi hreppskilafing óþörf og hafa sennilega óviða verið haldin nú um langt skeið.

Hreppsnefndirnar voru um það spurðar, hvort rétt væri að ákveða, að hreppsnefndir kjósi endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Jákvæð svör veittu 109 hreppsnefndir, neikvæð 40 og 12 svöruðu ekki. Í kaupstöðunum eru endurskoðendur yfirleitt tveir og kosnir af bæjarstjórn, sjá t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 29. gr. og lög 109/1949, 17. gr. 2. mgr. Nefndin leggur til, að endurskoðendur verði kosnir af sveitarstjórn til fjögurra ára, bæjarstjórnir kjósi 2 endurskoðendur, en hreppsnefndir einn eða tvo.

Í hinum stærri bæjarfélögum þykir rétt að gera ráð fyrir sérstakri deild, sem annast endurskoðun, og þannig er það t. d. í Reykjavík. Samkvæmt tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn geti falið endurskoðunar-skrifstofu að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins. Slík

endurskoðun sérstakrar endurskoðunardeildar eða endurskoðunarskrifstofu leysir ekki hina kjörnu endurskoðendur frá störfum, en auðveldar að sjálfsögðu störf þeirra.

Um 56. gr.

Ákvæði þessarar frumvarpsgreinar eru nýmæli. Í lögum eru ekki ýtarleg fyrir-
mæli um það, hvernig haga skuli endurskoðun reikninga sveitarfélaganna. En gera
má ráð fyrir, að þeim reglum, sem hér er lagt til að lögfestar verði, hafi yfirleitt
verið fylgt við slíka endurskoðun.

Um 57. gr.

Ákvæði greinarinnar hafa að geyma nokkrar breytingar frá því, sem nú er varð-
andi fresti, sbr. athugasemdir við 52.—54. gr. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar
hliðstæð ákvæðum núgildandi laga, sjá lög nr. 12/1927, 25. gr. 3. mgr. og t. d. til-
skipun 20. apríl 1872, 29. gr. og lög nr. 109/1949, 17. gr. 2. mgr.

Um 58. gr.

Ákvæði eru ekki í lögum um kaupstaðina um það, hvenær fullnaðarafgreiðslu
ársreikninga skuli lokið, en ákvæði eru um það, að reikningarnir skuli sendir ráðu-
neytinu fyrir tiltekinn tíma, sjá t. d. 30. gr. tilsk. 20. apríl 1872 og lög nr. 109/1949,
18. gr. Hins vegar eru ákvæði um tímafrest fyrir afgreiðslu ársreikninga hreppanna,
sjá lög nr. 12/1927, 25. gr., sem lagt er til að verði lengdur lítils háttar, sbr. at-
hugasemdir við 52.—54. gr.

Um 59. gr.

Í 30. gr. tilsk. frá 20. apríl 1872, sbr. 18. gr. laga nr. 109/1949, segir, að reikning-
um liðins árs skuli skilað til ráðuneytisins fyrir 30. sept. ár hvert. Samkvæmt 3.
mgr. frumvarpsgreinarinnar, skal reikningum skilað fyrir 31. júlí ár hvert.

Ákvæði greinarinnar um skil til Hagstofunnar eru samhljóða þeim reglum, sem
fylgt hefur verið.

Um 60. gr.

Nýmæli, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 61. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara ákvæðum gildandi laga, að því er varðar kaup-
staðina, sjá t. d. tilsk. frá 20. apríl 1872, 30. gr. og 18. gr. laga nr. 109/1949, en
eru nokkuð breytt að því er varðar hreppsfélögin, sbr. 29. gr. laga nr. 12/1927.
Greinin gerir að visu ráð fyrir því, að hlutaðeigandi sýslumanni eða sýslunefnd
beri að áminna sveitarstjórn, ef tilefni gefst til þess, en stoði slík áminning ekki,
er svo fyrir mælt, að ráðuneytið skuli gera ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem um
bæjarstjórnir gilda.

Um 62. gr.

Í 30. gr. laga nr. 12/1927 eru ákvæði um dagsektir. Slíkum viðurlögum hefur
sennilega aldrei verið beitt og þau eru því gagnslítill. Í þessari grein er upp tekin
reglan, sem nú er í lögnum um kaupstaðina, sjá t. d. tilsk. 20. apríl 1872, 30. gr.
og lög nr. 109/1949, 18. gr., um lögsókn gegn sveitarstjórnarmönnum, sem ábyrgð
bera á misfellum.

Um 63. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum 9.—10. gr. laga nr. 90 14. maí
1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Um 64. gr.

Fyrri málsgreinin er í aðalatriðum samhljóða 11. gr. laga nr. 90/1940, en
frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstökum eftirlitsmanni, heldur verði þau störf,
sem nú eru falin honum, eftirleiðis unnin á vegum ráðuneytisins. Þegar lögín um

eftirlit með sveitarfélögum voru sett, starfaði ekki sjálfstætt félagsmálaráðuneyti. Af þeirri ástæðu mun hafa verið horfið að því ráði að setja sérstakan mann til að annast þessi mál og má raunar telja þá ráðstöfun vísi að því ráðuneyti, sem síðar varð til sem félagsmálaráðuneyti.

Heimildin til útgáfu innköllunar að viðlögðum missi kröfu, sbr. 2. mgr., er ekki ný, sjá 14. gr. laga nr. 90/1940.

Um 65. gr.

Ákvæðið þarfast ekki skýringa. Hliðstæð ákvæði eru í 12. gr. laga nr. 90/1940.

Um 66. gr.

Sú aðstoð, sem hér er gert ráð fyrir að veita megi, byggist á því, að rekstur sveitarfélagsins sé á heilbrigðum grundvelli, en skuldabyrði þess um megn, enda verði eftirgjöf eða afskriftum á skuldum ekki við komið. Ákvæði þetta er annars að nokkru hliðstætt ákvæði 24. gr. laga nr. 90/1940, en hér er ekki gert ráð fyrir hámarki eins og nú gildir, sbr. téða lagagrein.

Um 67. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því, að eftirlitsmaður sveitarfélaga skuli leita samninga um greiðslu skulda sveitarfélags, sem á í miklum fjárhagsórðugleikum, sjá 13.—20. gr. laga nr. 90/1940.

Hér er hins vegar lagt til, að skiptaráðandi annist þau störf með líkum hætti og ráð er fyrir gert í lögum nr. 19/1924, um nauðasamninga. Samkvæmt frumvarpinu er rétturinn til að leita nauðasamninga fyrst og fremst hjá sveitarstjórn, en einnig virðist nauðsynlegt að heimila ráðuneytinu að ákveða að slíkra samninga sé leitað, þó að sveitarstjórn hafi ekki óskað þess.

Um 68. gr.

Lagt er til, að svipaðar reglur gildi um frumvarp til nauðasamninga og gilda um frumvarp eftirlitsmanns, samkvæmt núgildandi lögum, sjá 15. gr. laga nr. 90/1940.

Um 69. gr.

Greinin fjallar um þau gögn, sem fylgja skulu beiðni um nauðasamninga. Þessi gögn eru hin sömu og þau, sem leggja á fram á fundi skuldheimtumanna, samkv. 18. gr. laga nr. 90/1940.

Um 70. gr.

Um framlagningarskyldu gagna, sem varða nauðasamninga, eru ákvæði í 16. gr. laga nr. 90/1940 og eru ákvæði frumvarpsgreinarinnar svipaðs eðlis. Um útgáfu innköllunar eru ákvæði í 14. gr. sömu laga. Hér er gert ráð fyrir því, að skiptaráðandi þurfi ekki að gefa út innköllun, ef notuð hefur verið heimild 64. gr. 2. mgr. Nýrrar innköllunar væri aðeins þörf, ef svo langt væri liðið frá útgáfu hinnar fyrri innköllunar, að ástæða væri til að gera ráð fyrir skuldasöfnun, sem óvist væri um, frá því að frestur hinnar fyrri innköllunar væri liðinn.

Um 71. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Greinin fjallar um fundarboðun til skuldheimtumanna, sem semja þarf við, svo og til ráðuneytisins og sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. laga nr. 90/1940.

Um 73. gr.

Hér er um ákvæði að ræða, sem eru alveg hliðstæð ákvæðum 18. gr. laga nr. 90/1940.

Um 74. gr.

Skilyrði fyrir breytingu á lánskjörum, þegar um er að ræða veðtryggð lán eða lán, sem tryggð eru með ábyrgð, eru hin sömu að efni til og nú eru, sjá 17. gr. laga nr. 90/1940.

Um 75. gr.

Efni þessarar greinar svarar til ákvæða 19.—20. gr. laga nr. 90/1940, og er í aðalatriðum samhljóða nógildandi lögum.

Um 76. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 77. gr.

Þar eð ákvæði þau, sem hér eru í 67.—76. gr., leysa naumast úr öllum spurningum í sambandi við nauðasamninga sveitarfélaga, svo sem t. d. ef deila er um réttmæti skuldakröfu, virðist rétt að lögákveða, auk þeirra ákvæða, sem þetta frumvarp geymir um þetta efni, að ákvæði nauðasamningalaganna frá 1924 skuli gilda, eftir því sem við á.

Um 78. gr.

Lög þau, er nú gilda, hafa ekki ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef samningar takast ekki milli skuldheimtumanna og sveitarfélagsins. Hér er lagt til, að það nýmæli verði lögtekið, að ráðuneytið skuli þá hlutast til um skuldaskil fyrir sveitarfélagið. Jafnframt er gert ráð fyrir, að skuldaskil geti farið fram, þó að nauðasamninga hafi ekki verið leitað áður.

Í greininni er ákvæði um mat þeirra eigna, sem ekki verða seldar, sbr. 11. gr., svo og reglur um yfirmat.

Rétt þykir að draga frá mati eignanna þau framlög, sem komið hafa úr ríkissjóði, og þar eð ríkissjóður hefur í flestum tilvikum lagt fram ákveðinn hundraðshluta af kostnaðarverði, er eðlilegast, að eignarhluti sveitarfélagsins verði lækkaður um þann hundraðshluta, sem ríkissjóður hefur lagt fram.

Um 79. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi skiptaráðandi raði skuldum samkv. skiptalögum og semji úthlutunargerð, svo sem þar er ákveðið.

Um 80. gr.

Eigi virðist hjá því komið að skylda ráðuneytið til þess að veita sveitarfélagi lán úr Jöfnunarsjóði til greiðslu lausaskulda og óveðtryggðra skulda, sem greiðast eiga að einhverju eða öllu leyti samkv. úthlutunargerðinni.

Um 81. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 82. gr.

Þar eð aðför er undanfari sölu þess hlutar, sem henni er beint að, leiðir af sjálfu sér, að hlutir, sem ekki verða seldir, geta ekki orðið andlag aðfarar, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 90/1940. Þá er það ekki samrýmanlegt hlutverki sveitarfélags, sbr. 10. gr., að það geti orðið gjaldþrota og sætt meðferð sem slíkt með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í einkamálaréttinum.

Hins vegar þykir rétt að heimila ráðherra að svipta sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipa því fjárhaldsstjórn eins og nánar segir í greininni, sbr. og 29. gr. laga nr. 90/1940.

Um 83. gr.

Eigi virðist ástæða til að gera greinarmun á skuldheimtumönnum eftir því, hvort um er að ræða banka eða lánsstofnanir annars vegar og aðra kröfuhafa hins vegar, eins og nú er gert, sbr. 30. gr. laga nr. 90/1940. Rétt sýnist hins vegar að krefjast þess,

að fram hafi farið fjárnám án árangurs, hver sem í hlut á, til þess að kröfuhafi geti krafizt þess, að sveitarstjórn verði svipt fjárforráðum sveitarfélagsins.

Ágreiningur um það, hvort slík krafa er til staðar, getur naumast komið upp, svo að óþarft virðist að óska úrskurðar dómara í þessu efni, eins og nú er ákveðið, sbr. 30. gr. laga nr. 90/1940.

Það virðist því ekki varahugavert, að ráðuneytið meti kröfuna í því sambandi.

Um 84. gr.

Áður en gripið verður til svo örlagaríkrar ráðstöfunar sem svipting fjárforræðis er, þykir nauðsynlegt að sveitarstjórn fái allríflegan frest til þess að gera skil svo að komizt verði hjá slíkum neyðarráðstöfunum, sem hér um ræðir.

Um 85. gr.

Nauðsynlegt er að til fjárhaldsstjórnar verði valdir menn, sem kunnugir eru öllum högum sveitarfélagsins. Til þess að tryggja þetta er lagt til, að sýslunefndir velji tvo fjárhaldsstjórnarmenn, þegar um hreppa er að ræða, en í kaupstöðum skuli að jafnaði tveir þeirra vera búsettir í kaupstaðnum.

Um 86. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 32. gr. laga nr. 90/1940.

Um 87. gr.

Tilgangurinn með skipun fjárhaldsstjórnar mun tæplega nást, nema fjárhaldsstjórn fái þau völd varðandi fjárhagsmál öll, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr., sbr. og 34. gr. laga nr. 90/1940.

Um önnur málefni gegnir öðru máli. Í 2. mgr. er því gert ráð fyrir að sveitarstjórn fari áfram með þau mál, sbr. og 33. gr. laga nr. 90/1940.

Um 88. gr.

Ákvæði greinarinnar eru hliðstæð ákvæðum 35. gr. laga nr. 90/1940.

Um 89. gr.

Hér er nýmæli, sem ákveður, að skuldaskil skuli fram fara, ef fjárhagur er slíkur sem lýst er í 67. gr., og fer þá um þau skuldaskil eftir sömu reglum og áður var lýst, sbr. 78.—81. gr.

Einnig hér má leysa málið með nauðsamningum, samkv. 67.—77. gr., ef þess er kostur.

Þá er svo ákveðið, að heimild ráðuneytisins til þess að veita aðstoð, sbr. 66. gr., gildi og um sveitarfélag, sem sett hefur verið undir fjárhaldsstjórn.

Um 90.—91. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 92. gr.

Grein þessi geymir engin nýmæli. Hér er aðeins um að ræða upptalningu þeirra helztu verkefna, sem verið hafa á vegum sýslunefndanna, sbr. lög nr. 12/1927, 38., 40.—42. gr. og 50. gr.

Um 93. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar verða sýslunefndir hinar sömu og verið hafa hingað til. Þær skulu annast málefni sýslanna á sama hátt og verið hefur, sbr. 5. gr. laga nr. 12/1927.

Um 94. gr.

Efnislega samhljóða ákvæði eru í 34. gr. laga nr. 81/1936 og 31. gr. laga nr. 12/1927.

Um 95. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal haga kosningu sýslunefndarmanns á sama hátt og hreppsnefndarkosningum, sjá 34. gr. laga nr. 12/1927. Gert er ráð fyrir sömu reglu framvegis. Þegar hlutfallskosningar fara fram til hreppsnefnda hefur verið venja að bjóða einnig fram lista til sýslunefndar, þó að kjósa skuli aðeins einn mann. Hér er raunverulega um framboð að ræða, en ekki kosningalista, þar eð hlutfallskosningar geta aðeins átt sér stað, þegar kjósa skal fleiri en einn. Í samræmi við þessa venju er lagt til, að heimilt sé að viðhafa framboð.

Um 96. gr.

Efni þessarar greinar er samhljóða gildandi lögum, sjá 34. gr. laga nr. 81/1936 og 32. gr. laga nr. 12/1927.

Um 97. gr.

Nú eru sýslunefndarmenn eigi lengur kosnir á manntalsþingum. Að öðru leyti er ákvæði þessarar greinar samhljóða 33. gr. laga nr. 12/1927.

Um 2. mgr. visast til 35. gr. laga nr. 81/1936.

Um 98. gr.

Að efni til er greinin samhljóða 35. gr. laga nr. 12/1927, að öðru leyti en því, að hér er lagt til, að sýslufundur skuli haldinn eigi síðar en 25. júlí ár hvert. Þetta nýmæli er tekið upp til samræmis við ákvæðið í 3. mgr. 59. gr.

Um 99. gr.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 12/1927 ræður atkvæði oddvita, ef atkvæði eru jöfn. Hér er lagt til, að regla 3. mgr. 27. gr., um sveitarstjórnir, gildi einnig um sýslunefndir. Að öðru leyti eru ákvæði þessi samhljóða 36. gr. og upphafi 37. gr. laga nr. 12/1927.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 37. gr. laga nr. 12/1927.

Um 100. gr.

Grein þessi er samhljóða 43. gr. laga nr. 12/1927.

Um 101. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. laga nr. 12/1927.

Um 102. gr.

Efni greinarinnar er samhljóða ákvæðum 1. mgr. 37. gr. laga nr. 12/1927.

Um 103. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 47. gr. laga nr. 12/1927 og 2. mgr. 46. gr. sömu laga, að öðru leyti en því, að þóknun sýslunefndarmanna er ákveðin kr. 300.00 á dag í stað kr. 7.00, sem er fyrir löngu orðið úrelt ákvæði.

Um 104. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 48. gr. laga nr. 12/1927, en hér er gert ráð fyrir, að endurskoðandi endurskoði, auk sýslusjóðsreiknings, sýsluvegasjóðsreikning og reikninga annarra sjóða, sem vera kunna í vörzlu sýslunefndar eða sýslumanns sem oddvita sýslunefndar.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 105. gr.

Grein þessi er efnislega að mestu leyti samhljóða 1. mgr. 49. gr. laga nr. 12/1927.

Um 106. gr.

Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæði 39. gr. laga nr. 12/1927 og þarfnast ekki skýringa.

Um 107. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 108. gr.

Greinin er í höfuðatriðum samhljóða 2. mgr. 49. gr. og 52. gr. laga nr. 12/1927.

Um 109. gr.

Grein þessi er samhljóða 51. gr. laga nr. 12/1927.

Um 110. gr.

Í niðurlagi 34. gr. laga nr. 81/1936 segir, að kæra megi sýslunefndarkosningu skriflega innan 14 daga og skeri sýslunefnd úr. Nefndin leggur til, að þessi grein verði felld úr gildi, en vekur jafnframt athygli á því, að þetta ákvæði þarf að vera í lögum, og telur eðlilegast, að ákvæðum verði bætt við 29. gr. laga nr. 81/1936, sem fjalla um kosningakætur.

Í sambandi við tillögu nefndarinnar um afnám laga nr. 90/1940 er ástæða til að geta þess, að frumvarpið geymir ekki ákvæði, sem svarar til 27. gr. þessara laga. Nefndin telur ekki þörf ákvæða um stofnanir, sem eru eign sveitarfélaga og reknar fyrir reikning þeirra og á áhættu þeirra. Fjárþröng og greiðsluþrot slíkra stofnana eru í raun réttir fjárþröng og greiðsluþrot sveitarfélagsins, en í frumvarpinu eru ýtarleg ákvæði um þau efni, sjá 63.—91. gr. frumvarpsins. Telur nefndin sjálfsagt, að þau ákvæði gildi einnig um stofnanir sveitarfélaga. Nefndin taldi ekki þörf ákvæða 28. gr. laga nr. 90/1940, um erfiðar fjárhagsástæður sýslufélaga.

Nefndin leggur til, að lög nr. 69/1921, um hreppskilabing, verði felld úr gildi, vegna þess að þau eru orðin úrelt. Sveitarstjórnirnar voru spurðar um það, hvort hreppskilabing væru nauðsynleg. Svörin voru þessi: Já sögðu 5, nei sögðu 143 og 13 svöruðu ekki.

Ákvæði sveitarstjórnarlaganna um útlagðan kostnað oddvita sveitarfélagsins, 22. gr., og oddvita sýslunefndar, 45. gr., virðast óþörf, þar eð það liggur í hlutarins eðli, að sveitarsjóður eða sýslusjóður skuli bera slíkan kostnað.

Ákvæði 8. gr. laga um sveitarstjóra, nr. 19/1951, eru ekki tekin upp í frumvarpið, þar eð nefndin taldi þau óþörf. Vanræksla eða hirðuleysi í starfi sveitarstjóra varðar að sjálfsgöðu viðurlögum, samkvæmt almennum lögum.

Ákvæði hinna ýmsu laga kaupstaðanna um það, að lögregluþjónar, næturverðir og fangaverðir skuli settir af bæjarstjórn eftir uppástungu lögreglustjóra og að hann geti veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar, sjá t. d. tilsk. frá 20. apríl 1872 og 9. gr. laga nr. 109/1949, eru ekki tekin upp í frumvarpið. Þar eð nefndin leggur til, að þessi ákvæði verði felld úr gildi, ásamt öðrum ákvæðum kaupstaðalaganna, vill hún vekja athygli á því, að þessi ákvæði ættu betur heima í ákvæðum laga um lögreglumenn, sjá t. d. lög nr. 50/1940 eða V. kafla laga nr. 27/1951.

Í sumum kaupstaðalaganna eru ákvæði um skipun byggingarnefnda o. fl. þar að lútandi, sjá t. d. 14. gr. laga nr. 22/1883, 15. gr. laga nr. 67/1917 og 10. gr. laga nr. 109/1949. Ákvæði um þessi efni eru ekki í frumvarpinu. Að dómi nefndarinnar er réttara að taka umrædd ákvæði upp í lögum um byggingarsamþykktir, sjá lög nr. 19/1905. Í lögum nr. 108/1945, 4. gr., sbr. lög nr. 26/1948, 2. gr., eru ákvæði um þessi efni, að því er varðar sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Í sumum kaupstaðanna eru ákvæði um gjalddaga bæjargjaldanna, sjá t. d. lög nr. 67/1917, 23. gr. og lög nr. 61/1919, 21. gr. Nefndinni virðast þessi ákvæði óþörf, þar eð gjalddagi útsvara er ákveðinn í útsvarslögum og gjalddagar annarra gjalda í hlutaðeigandi reglugerðum.

Í öllum lögnum eru ákvæði um, að ekkert gjald skuli greiða fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, sjá t. d. lög nr. 67/1917, 26. gr. og lög nr. 109/1949, 14. gr. Nefndin telur ákvæði þessi þýðingarlaus og leggur því til að þau verði afnumin. Ef ástæða þætti til þess að hafa þessi ákvæði áfram í lögum, eiga þau, að áliti nefndarinnar, betur heima í aukatekjulögnum.